

Mál nr. 204/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttengið 5. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. júlí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11 ágúst 2025.

Málsatvik.

Hinn 22. júní 2022 varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, sem send var hinn 27. júní 2022, voru atvik þau að M var í Dino körfulyftu við þann starfa að skipta um mynd í flettiskilti. Karfan leiðrétti sig sjálfkrafa með þeim afleiðingum að hönd M keyrðist upp í skiltið og hann klemmdist milli handriðs körfunnar og skiltisins sem olli því að framhandleggur hans brotnaði. Í málskoti byggir M á því að slys hans sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X þar sem aðbúnaður og öryggi hans á vinnustað hafi ekki verið tryggð með þeim hætti sem lög geri ráð fyrir og er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Hefði viðhaldi á umræddum lyftara verið sinnt sem skyldi megi gera ráð fyrir að komið hefði verið í veg fyrir slysið, en rekja megi það til saknæmrar vanrækslu X að þessu leyti. Með því að láta M sinna starfi sínu á biluðum körfubíl hafi X stefnt heilsu hans og öryggi í hættu. Verði X þá að bera allan halla af því að rannsókn Vinnueftirlitsins á tildrögum slyssins hafi ekki farið fram, enda hafi því verið tilkynnt of seint um slys M. Verði því að leggja atvikalýsingu M hvað varði slysið og aðstæður til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M beri sönnunarbyrði þess að slys hans verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð vegna. Hafi sú sönnun að mati V ekki tekist. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi ekki verið vitneskja um neina bilun í umræddri lyftu áður en slys M átti sér stað. Tækið hafi þá verið skoðað af Vinnueftirlitinu hálfu ári fyrir slys M án athugasemda og hafi ekkert komið upp á eftir þá skoðun sem bentu til þess að búnaður hennar væri bilaður. Hafi X því hvorki vitað né mátt vita að körfulyftan væri biluð. Þar sem málsatvik sem slík séu óumdeild hefði rannsókn Vinnueftirlitsins þá ekki varpað neinu nánari ljósi á málsatvik.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að starfsfólk eigi að geta treyst því að vinnuvélar sem því er ætlað að nota við störf sín virki sem skyldi. Þegar slíkt tæki bili beri vinnuveitandi ábyrgð þar sem aðbúnaður hafi þá ekki verið til samræmis við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stöð í þeim. Er því þá mótmælt að málsatvik séu fyllilega upplýst enda hefði X átt að fara fram á skoðun Vinnueftirlitsins á lyftunni í kjölfar slyssins. Slík rannsókn hefði m.a. leitt í ljós eðli bilunarinnar og hvort hún hafi stafað af ónægu viðhaldi eða skoðunum, ofnotkun eða einhverju öðru. Það að lyftan hafi verið skoðuð sex mánuðum fyrir slysdag breyti ekki þeirri staðreynd að hún hafi verið vanbúin á slysdegi. Það sé svo vanræksla X á tilkynningarskyldu sinni sem hafi leitt til þess að ekki var unnt að greina eðli þessa vanbúnaðar og orsök slyss M. Hafi X þá ekki gert neitt til að færa fram neinar sönnur fyrir eðli þess ágalla sem var á vélinni og verði það að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að X beri ekki hlutlæga ábyrgð vegna tjóns M heldur verði M að sýna fram á að tjón hans hafi orðið vegna saknæmrar vanrækslu eða vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. Slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Tildrög slyss M virðast óumdeild og ber lýsingum aðila saman um það að körfulyftan hafi „leiðrétt sig“ með þeim afleiðingum að framhandleggur M klemmdist milli körfunnar og skiltisins sem hann var að vinna við. Virðist þá einnig liggja fyrir að M hafi verið óvinnufær allt frá slysdegi og bar því, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hans án ástæðulausrar tafar. Sú tilkynning var hins vegar ekki send fyrr en fimm dögum eftir slysið.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar.

Þrátt fyrir að byggt sé á lýsingum M á tildrögum slyssins, en í þessu tilviki virðast þau óumdeild, hvílir eftir sem áður á honum að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt er að einhvers konar bilun varð í umræddu tæki sem leiddi til þess að það „leiðrétti sig“ eða færðist úr stað, með þeim afleiðingum að M hlaut líkamstjón. Þrátt fyrir tilmæli laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim, varðandi öryggi og aðbúnað á vinnustöðum og þær ríku skyldur sem hvíla á vinnuveitendum þar að lútandi er það ekki svo að X beri hlutlæga ábyrgð á umræddri lyftu. Því hefur ekki verið mótmælt að lyftan hafi verið skoðuð án athugasemda hálfu ári fyrir slys M. Þá liggur ekkert fyrir, gögn, vitnisburðir eða annað er gefi til kynna að eitthvað hafi verið athugavert við virkni hennar fyrir slysið eða um að viðhaldi hennar hafi verið ábótavant. Er þá ekki byggt á því að M eða annað starfsfólk X hafi gert athugasemdir við búnað lyftunnar eða virkni hennar. Liggur þá ekki annað fyrir en að umrædd lyfta sem slík hafi verið forsvaranleg til þeirra nota sem henni voru ætluð.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður því ekki talið að X eða forsvarsmenn þess hafi vitað, eða mátt vita, að eitthvað væri athugavert við lyftuna eða að þörf hafi verið sérstakri skoðun hennar eða einhvers konar viðhaldi áður en slys M átti sér stað.

Er því ekki sýnt fram á það fyrir nefndinni að slys M verði rakið til atriða sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. Af því verður M að bera hallann og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir